

# Auður Capital kaupir í ELM

SJÓÐUR á vegum Auðar Capital, Auður I, hefur gengið til samstarfs við ELM og eigendur þess með kaupum á þriðjungshlut í félaginu.

ELM hannar, framleiðir og selur hátískufatnað fyrir konur. Slagorð ELM eru „hannað af konum fyrir konur“ en fyrirtækið var stofnað árið 1999 af þremur íslenskum hönnuðum; Ernu Steinu, Lísbetu og Matthildi, og vísar nafnið í upphafsstafi þeirra. Hefur Kristín Hrafnkelsdóttir verið ráðin framkvæmdastjóri ELM en hún var áður vörustjóri hjá Össuri. Í tilkynningu frá Auði kemur fram að ELM hefur náð góðum árangri á skömmum tíma. Síðustu þrjú árin hafi árleg söluaukning verið um 50%. Átta af hverjum tíu krónum í veltunni koma erlendis frá.



**Kventíska** Fatnaður frá ELM er hannaður af konum fyrir konur.

